




- rafræn skil virðisaukaskatts -

Gjaldendum virðisaukaskatts gefst nú kostur á að senda virðisaukaskattsskýrslur sínar rafrænt til skattyfirvalda um upplýsingavef ríkisskattstjóra (á slóðinni www.rsk.is/vefskil) og jafnframt að greiða skattinn rafrænt í gegnum sinn vefbanka (einka-, heima-, heimilis- eða netbanka).

Má bjóða þér að skila rafrænt?

Sækja þarf um heimild til rafrænna skýrsluskila. Á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is, er að finna valkostinn **vefskil**. Veljir þú **vefskil** birtist mynd sem hefur m.a. að geyma valkostinn **umsókn um veflykil**. Umsóknarferillinn er í 3 þrepum. Í þrepi 1 skal skrá inn umbeðnar upplýsingar, svo sem kennitölu og tölvupóstfang, og styðja á hnappinn **áfram**. Í þrepi 2 birtist veflykill en hann er óvirkur á þessu stigi ferilsins. Þú skalt skrá veflykilinn hjá þér eða prenta út myndina á skjánum því veflykillinn birtist þér **ekki** aftur. Eftir að stutt hefur verið á hnappinn **áfram** er komið í þrep 3. Á skjánum birtist umsóknareyðublað sem prenta þarf út. Eyðublaðið hefur að geyma skilmála rafrænna skila. Sættir þú þig við skilmálana undirritar þú umsóknina og sendir hana ríkisskattstjóra að Lauga-vegi 166, 150 Reykjavík.



Fyrir hvaða tíma?

Þú þarft ekki endilega að sækja um heimild til rafrænna skila fyrir næsta gjalddaga. Sá kostur stendur þér áfram til boða um fyrirsjáanlega framtíð. Hyggist þú hins vegar sækja um fyrir næsta

reglulegan gjalddaga virðisaukaskatts þá er ráðlegt að gera það sem fyrst. Til þess getur komið að ekki gefist tólm til að taka afstöðu til allra umsókna fyrir gjalddagann, verði þær mjög margar. Umsókn leysir þig ekki undan þeirri skyldu að skila skýrslu og greiðslu í síðasta lagi á gjalddaga. Komi til þess að ekki verði unnt að afgreiða umsókn þína og gera veflykilinn virkan fyrir gjalddaga verður þú að skila skýrslu á pappírformi og greiða með hefðbundnum hætti.

Samþykki umsóknar

Fallist ríkisskattstjóri á umsókn þína gerir hann veflykil þinn virkan til nota við rafrænu skilin og tilkynnir þér um það í tölvupósti. Veflykillinn er bundinn við kennitölu þína, óháð því hve mörg vsk-númer þú kannt að hafa. Notkun veflykils jafngildir undirritun skýrslu. Þegar veflykillinn hefur verið gerður virkur er þér ekkert að vanbúnaði að skila skýrslu rafrænt. Þú þarft aðeins að sækja um í fyrsta sinn. Eftir það er veflykillinn virkur nema ríkisskattstjóri afturkalli heimildina af einhverjum ástæðum, t.d. vegna misnotkunar lykilsins. Þú getur á **vefskilum** valið **skipt um veflykil** og þannig fengið nýjan lykil í stað fyrri lykils teljir þú nauðsyn á því af öryggisástæðum, svo sem ef þú hefur grun um að upplýsingar um lykilinn hafi komist í hendur óviðkomandi.

Gerð rafrænnar vsk-skýrslu

Með því að velja aðgerðina **skila skýrslu** kallar þú fram skýrsluformið. Formið er byggt upp eins og pappírformið sem þú þegar þekkir og færð sent. Á rafræna forminu er þó ekki fylgiskjalið „Sundurliðun skattskyldrar og undanþeginnar veltu eftir atvinnugreinum ÍSAT95“, en slíkrar sundurliðunar er að svo komnu máli ekki krafist við rafræn skil. Líkt

og umsókn um veflykil er gerð rafrænnar skýrslu í 3 þrepum. Í þrepi 1 færir þú inn viðeigandi fjárhæðir veltu, útskatts og innskatts og styður síðan á hnappinn **áfram**. Kerfið kannar nú skýrslu þína, reiknar út greiðslufjárhæðina og gerir athugasemdir ef ástæða er til, svo sem ef ekki er samræmi milli veltu og útskatts. Eins getur þú látið kerfið reikna álag ef komið er fram yfir gjalddaga. Þegar þú hefur brugðist við ábendingum sem kunna að birtast eða ef engar ábendingar koma fram í þrepi 2 þá styður þú á hnappinn **staðfesta** og sendir skýrsluna þar með til skattyfirvalda. Þá, í þrepi 3, birtist á skjánum kvittun fyrir því að viðkomandi skattstjóri hafi mótttekið skýrsluna. Kvittunina getur þú prentað út og síðan sent **kröfu til banka**.

Greiðsla

Á móttökukvittuninni á skjánum er að finna hnappinn **krafa til banka**. Með því að styðja á þann hnapp sendir þú upplýsingar um greiðslufjárhæðina, greiðandann (þig eða þitt félag) og móttakanda greiðslunnar til sameiginlegrar kröfuskrár íslenskra banka og sparisjóða, sem varðveitt er af Reiknistofu bankanna. Upplýsingarnar eru að viðbætti greiðslufjárhæðinni samsvarandi þeim sem er að finna á rafrænu lesröndinni neðst á pappírsskýrslunni (gíró-seðlinum). Með þessari aðgerð stofnar

þú kröfu á þig eða þitt félag í bankakerfinu sem þú getur síðan kallað fram í vefbanka þínum og greitt. Þú ræður því hvort þú borgar í beinu framhaldi af skýrslugerðinni eða síðar. Þegar þú hefur stutt á **kröfu til banka** birtist mynd með tenglum við einstaka banka og sparisjóði, sem þú getur valið af kjósir þú að tengjast þínum vefbanka strax. Að sjálfsgöðu er sami gjalddagi og sömu viðurlög við vanskilum hvort heldur þú skilar skýrslu rafrænt eða á pappír. Greiðsla þarf að hafa borist innheimtumanni ríkissjóðs í síðasta lagi á gjalddaga. Fyrirmæli um greiðslu í gegnum vefbanka þarft þú að gefa svo tímanlega að bankanum gefist tómt til að senda greiðsluna til innheimtumanns. Kynntu þér því þau tímamörk sem þinn viðskiptabanki setur.

Öryggi

Gætt er ítrasta öryggis, en vefskil á rsk.is fara fram í gegnum 128 bita öryggislykil með SSL (Secure Socket Layer) tengingu sem er útbreiddasta öryggistenging sem notuð er við samskipti í gegnum vefsíður á internetinu í dag og almennt notuð í bankaviðskiptum. Með þessu móti er gagnaflutningur dulritaður.

Í nánustu framtíð

Stefnt er að því að auka þjónustu við notendur vefskila. Þeim verði gert kleift að skoða þann virðisaukaskatt sem þeim hefur verið ákvarðaður. Einnig er gert ráð fyrir að notendur fái sendar rafrænt upplýsingar og ábendingar varðandi virðisaukaskatt þ.m.t. áminningu um næsta gjalddaga skattsins. Vefskil verða þróuð áfram í ljósi reynslu.

Viltu skoða vefskil á rsk.is?

Áður en þú ræðst í þann feril sem nú hefur verið lýst getur þú skoðað vefskilin. Þú kallar fram upplýsingavef ríkisskattstjóra, *rsk.is*, og á honum velur þú **vefskil** eins og lýst er að framan varðandi umsókn. Á yfirlitssíðunni sem þá birtist velur þú **skoða vefskil**. Á skoðunarsíðunum færð þú engan veflykil og getur að sjálfsgöðu hvorki sent skýrslu né kröfu til banka. Hafir þú spurningar fram að færa varðandi vefskilin getur þú sent þær með tölvu- pósti á pósthfangið *vefskil@rsk.is*

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA